



Vinnustofa um hagsmuni tengda raforkumálum Húnaþing vestra

Samantekt
Drög

Desember 2023

LANDSNET

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Hagsmunir og raforkumál	2
2.1	Hagsmunir skv. fyrirbyggjandi gögnum	2
2.2	Rýni sveitarstjórnar á hagsmunum	2
2.3	Forgangsröðun hagsmuna	4
2.4	Samanburður valkosta m.t.t. hagsmuna	5
3	Umræður á opnu húsi	6

1 Inngangur

Tilgangur vinnustofu þann 16.11.2023 með sveitarstjórn Húnaþing vestra var að:



- Kortleggja hagsmuni, áherslur og sjónarmið sveitarstjórnar í tengslum við raforkumál með áherslu á Holtavörðuheidiarlínu 3.
- Nýta greiningu í umfjöllun um samfélagsáhrif í umhverfismatsskýrslu og vinnu við val á aðalvalkosti.
- Nýta greiningu í frekara samtal um hagsmuni sem felast í framkvæmdum.

Fyrirkomulag vinnustofu var á þann hátt að í upphafi voru dregnir fram þeir hagsmunir sem koma fram í fyrirbyggjandi gögnum og snúa að Húnaþingi vestra og Norðurlandi vestra. Gögnin sem voru Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024, Sviðsmyndir um framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra til ársins 2040, Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra og Aðalskipulag Húnaþing vestra 2014-2026.

Á vinnustofunni var farið yfir þá hagsmuni sem fram komu í ofangreindum gögnum og lagt mat á það hvort þeir féllu að áherslum sveitarstjórnar. Auk þess lagði sveitarstjórn til fleiri hagsmuni og áhersluatriði, sem snúa að raforkumálum beint og óbeint. Eftir það valdi sveitarstjórn sex hagsmuni sem hún taldi vera hvað mikilvægasta fyrir samfélagið og tengdust raforkumálum. Loks voru valkostir um Holtavörðuheidiarlínu 3 bornir saman við valda hagsmuni og lagt mat á það hvernig valkostirnir (heiðaleiðin, byggðaleiðin og núll-kostur) falli að þeim.

Auk afmarkaðra hagsmuna lagði sveitarstjórn mikla áherslu á að tíminn skipti miklu máli, þ.e.a.s. að það þurfi að hefja framkvæmdir sem fyrst til að bæta stöðu raforkumála á svæðinu. Að mati sveitarstjórnar Húnaþing vestra fellur heiðarleiðin best að hagsmunum sveitarfélagsins og að núll-kostur kemur ekki til greina.

Helstu hagsmunir skv. sveitarstjórn Húnaþing vestra eru: Auka afhendingaröryggi raforku, auka aðgengi að raforku, landbúnaður, iðnaðarstarfsemi, auka atvinnutekjur og ferðapjónusta.



2 Hagsmunir og raforkumál

2.1 Hagsmunir skv. fyrirbyggjandi gögnum

Tilgreindir hagsmunir voru flokkaðir í fimm flokka, 1. Raforkukerfið, 2. Orka, 3. Atvinna og nýsköpun, 4. Umhverfi og 5. Aðrir þættir.

Raforkukerfið

Í þennan flokk eru hagsmunir sem snúa að flutningskerfi raforku s.s. afhendingaröryggi, raflínur og tengivirki. Dreifikerfi RARIK fellur hér undir en tengist ekki framkvæmdum vegna Holtavörðuheiðarlínu 3.

Orka

Í flokknum Orka eru hagsmunir sem snúa að orkuframleiðslu, aðgengi að orku, valkostir um framleiðslu orku, verð á orku og orkuskipti.

Atvinna og nýsköpun

Í flokkinn Atvinna og nýsköpun raðast fjölbreytt viðfangsefni sem snúa að atvinnu, atvinnuþróun og mögulegum tækifærum í sveitarfélaginu.

Umhverfi

Umhverfisflokkurinn inniheldur þá hagsmuni sem snúa að umhverfi, náttúruvernd og loftslagsmálum.

Aðrir þættir

Flokkurinn Aðrir þættir er hugsaður fyrir hagsmuni sem falla ekki í ofangreinda fjóra flokka, en tengjast engu síður raforkumálum.

Raforkukerfið	Orka	Atvinna og nýsköpun	Umhverfi	Aðrir þættir
Auka afhendingaröryggi	Aðgengi að orku Orkuskortur	Orka notuð í héraði	Náttúrufegurð	
Styrkja flutningskerfið frá Blöndu	Orkuframleiðsla Stækka Blönduvirkjun	Draga að iðnaðarstarfsemi	Draga úr áhrifum atvinnustarfsemi	
Styrkja meginflutningskerfið	Rannsóka orkukosti á Norðurlandi vestra	Gagnaver	Loftslagsmál	
Prífösun rafmagns	Orkuskipti	Styðja við núverandi atvinnurekstur		
	Hagstætt verð	Landbúnaður Ylrækt		
		Fullvinnsla afurða		
		Ferðaþjónusta		
		Hátækniyfirtæki		
		Atvinnutekjur		

Mynd 2 Flokkun hagsmuna byggð á fyrirbyggjandi gögnum

2.2 Rýni sveitarstjórnar á hagsmunum

Á vinnustofunni fór sveitarstjórn yfir þá hagsmuni sem höfðu verið skilgreindir samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Almennt taldi sveitarstjórn að sú flokkun gæfi ágæta mynd af hagsmunum Húnaþings vestra m.t.t. raforkumála. Sveitarstjórnin bætti við hagsmunum auk þess að skilgreina ítarlegar þá hagsmuni sem þegar höfðu verið tilgreindir.

Raforkukerfið

Sveitarstjórn taldi það miklu máli skipta fyrir hagsmuni sveitarfélagsins að hafa tengipunkt við flutningskerfið á Laugarbakka til að auka öryggi og auðvelda aðgengi að orku. Sá staður væri miðsvæðis og nýtist svæðinu best.

Reynsla undanfarin ár eru að rafmagnstruflanir verði of oft, sem mögulega tengjast frekar dreifikerfi RARIK. Mikilvægt sé að huga að því í uppbyggingu flutningskerfis að sem minnst truflun verði á afhendingu orku.

Orka

Varðandi orkuskipti í samgöngum var nefnt sérstaklega hugmynd um hleðslustöð fyrir flutningabíla og stærri bíla. Staðsetning sveitarfélagsins hentar mjög vel fyrir slíka stöð, þar sem hún er mitt á milli höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar.

Atvinna og nýsköpun

Að mati sveitarstjórnar getur orðið veruleg breyting á fjölda og tegund tækifæra til atvinnuuppbyggingar og -þróunar á svæðinu með aukinni afhendingu raforku inn á svæðið.

Sveitarstjórn lagði fram frekari lýsingu á þeim tækifærum sem fylgja því að auka á afhendingarmöguleika og aðgengi að raforku í sveitarfélaginu. Í því samhengi var nefndar áætlanir um umfangsmikla aðstöðu fyrir ræktun skógarplantna (gróðurhús o.fl.), áform um stækkun á hótelinu við Laugarbakka, stefnu um atvinnusvæði sunnan Hvammstanga og tækifæri fyrir atvinnustarfsemi í nágrenni við tengivirkið í Hrutatungu. Þá voru einnig nefnd tækifæri í fiskeldi, þótt ekki liggi fyrir umsóknir um slíkt en það hafa nokkrir staðir verið nefndir sem gætu boðið upp á heitt og kalt vatn, raforku, land og hafnartengingu.

Þar sem ekki er til staðar raforka til skiptanna fyrir svæðið, þá eru ekki margar fyrirspurnir sem berast frá áhugasömum aðilum til að ráðast í atvinnuuppbyggingu. Að mati sveitarstjórnar er líklegt að hátæknifyrirtæki og áform um græna lðngarða muni tengjast afhendingarstöðum raforku (tengivirkjum).


Í farvatninu eru ýmsar hugmyndir um minni verkefni. Að svo stöddu fer ekki mikið fyrir umræðum um stór og umfangmikil verkefni. Engu að síður kunna minni verkefni að kalla eftir frekari raforku inn á svæðið. Því tengdu hefur fullvinnsla landbúnaðarafurða verið til skoðunar og líklegt að hún muni aukast, þótt enn sem komið er sé ekki mikill kraftur í þeirri þróun.

Almennt er það niðurstaða að með auknu aðgengi að raforku verði til fleiri tækifæri til atvinnusköpunar, sem geti orðið til þess að hækka atvinnutekjur í sveitarfélaginu, en þær eru lágar í samanburði við önnur sveitarfélög.

Aðrir þættir

Varðandi aðra þætti telur sveitarstjórn öryggi, þ.e. sveitarfélagið er utan náttúruvársvæða, vera styrkleika fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi á Norðurlandi vestra.


Sveitarstjórn leggur þunga á að hefja sem fyrst framkvæmdir til að styrkja flutningskerfið í sveitarfélaginu, þar sem það er grundvöllur fyrir framvindu í atvinnumálum. Að öðrum kosti getur sveitarfélagið ekki laðað til sín nýja atvinnustarfsemi eða styrkt við núverandi starfsemi í þeim mæli sem vilji er til.



Mynd 3 Greining hagsmuna og viðbætur sveitarstjórnar Húnaþings vestra

2.3 Forgangsöröðun hagsmuna

Sveitarstjórn lagði fram tillögu að forgangsöröðun hagsmuna varðandi mikilvægi fyrir sveitarfélagið.



Mynd 4 Forgangsöröðun hagsmuna

Sveitarstjórn valdi eftirfarandi hagsmuni sem þá mikilvægustu sem tengjast raforkumálum í sveitarfélaginu. Upptalning hagsmuna er ekki eftir vægi.

- 1. Auka afhendingaröryggi.** Það er grundvallaratriði að tryggja afhendingaröryggi, m.a. með því að byggja nýja línu. Á þann hátt er afhending betur tryggð ef önnur lína fer út s.s. vegna veðurs.
- 2. Aðgengi að orku.** Auk afhendingaröryggis er mikilvægt að auka aðgengi sveitarfélagsins að orku. Það gerist með því að flytja meiri orku inn á svæðið og að þar verði tengipunktur eða tengipunktar sem auðvelda aðgengi sveitarfélagsins að orkunni. Tengipunktur við Laugarbakka er mjög mikilvægur í þessu samhengi.
- 3. Landbúnaður og fullvinnsla afurða.** Landbúnaður er ein af megin stoðum í sveitarfélaginu. Að mati sveitarstjórnar eru talsvert af tækifærum til að útvíkka vinnslu afurða í landbúnaði og auka virðisauka framleiðslunnar. Hluti af því tengist raforkumálum.
- 4. Iðnaðarstarfsemi.** Sveitarstjórn leggur áherslu á að draga að fjölbreytta atvinnustarfsemi. Stefnan er líkleg til að beinast að minni verkefnum en stærri en þó er nefnt framtíðar atvinnusvæði sunnan Hvammstanga.
- 5. Hækka atvinnutekjur.** Leita þarf fjölbreyttra leiða til að hækka atvinnutekjur í sveitarfélaginu, sem felast m.a. í að styðja við núverandi atvinnustarfsemi og laða að nýja atvinnustarfsemi á svæðið.
- 6. Ferðaþjónusta.** Að mati sveitarstjórnar er miðað við núverandi aðstæður mestur vöxtur í ferðaþjónustu. Áherslan er á þjónustu í byggð, en það eru tækifæri í því að bjóða upp á afþreyingarmöguleika í tengslum við ósnortna náttúru.

2.4 Samanburður valkosta m.t.t. hagsmuna

Sveitarstjórn mátaði helstu hagsmuni Húnaþings vestra við megin valkosti til skoðunar vegna Holtavörðuheidalrlínu 3, sem eru byggaleiðin, heiðaleiðin og svo að ráðast ekki í framkvæmdir, þ.e. núll kostur.



Mynd 5 Samanburður sveitarstjórnar Húnaþings vestra um hvor leiðin henti betur fyrir valda hagsmuni

Niðurstaða sveitarstjórnar var að heiðaleiðin myndi falla betur að hagsmunum Húnaþings vestra en byggðaleiðin, sem myndi þó einnig styðja við hagsmuni sveitarfélagsins. Þá var það niðurstaða að núll-kostur komi ekki til greina að mati sveitarstjórnar, þar sem þörfin fyrir styrkingu kerfisins og auknu aðgengi að orku væri veruleg og nauðsynleg.

- 1. Auka afhendingaröryggi.** Það er talið að meira öryggi fáið með því að raflínur liggi ekki á sama stað, þ.e. ný Holtavörðuheidiarlína 3 og Laxárvatnslína 1. Ef veðurvá eða annars konar náttúruhamfarir eigi sér stað þá sé líklegra að önnur línan haldist áfram í rekstri ef þær eru á sitt hvoru svæðinu.
- 2. Aðgengi að orku.** Báðir kostir eru taldir hafa verulegar breytingar í för með sér og auka aðgengi sveitarfélagsins að orku. Mögulega kann að vera hægt að veita meiri orku inn á tengivirki í byggð með byggðaleiðinni, sem væri kostur ef mjög orkufrek starfsemi byggist upp í sveitarfélaginu.
- 3. Landbúnaður og fullvinnsla afurða.** Með heiðaleiðinni verður minni skerðing á landbúnaðarlandi og mögulegu ræktunarlandi. Aukið aðgengi með línuslóðum á heiðinni veitir tækifæri fyrir landbúnað.
- 4. Iðnaðarstarfsemi.** Sveitarstjórn telur ekki vera mun á milli leiðanna varðandi tækifæri til uppbyggingar á atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Það skiptir hins vegar verulegu máli fyrir sveitarfélagið að tengipunktur verði á Laugarbakka.
- 5. Hækka atvinnutekjur.** Sveitarstjórn telur að báðir kostir, heiðaleið og byggðaleið, geti leitt til hækkandi atvinnutekna í sveitarfélaginu.
- 6. Ferðapjónusta.** Að mati sveitarstjórnar þá fellur heiðaleiðin betur að hagsmunum ferðapjónustunnar. Helstu ferðamannastaðirnir í sveitarfélaginu eru í byggð og því hefði byggðaleiðin umfangsmeiri áhrif á ásynd í för með sér. Þá var það nefnt að bætt aðgengi á heiðina kynni að skapa tækifæri fyrir ferðapjónustu á svæðinu. Miðað við núverandi stöðu eru hagsmunir ferðapjónustunnar meiri í byggð en á heiðunum.

3 Umræður á opnu húsi

Þann 16. nóvember var haldið opið hús, þar sem gestum gafst kostur á að ræða um fyrirhugaðar framkvæmdir, hagsmuni í héraði og áherslur sem mikilvægt er að fjalla um í umhverfismati. Alls mættu 19 gestir. Eftirfarandi er samantekt á umræðu sem fór fram á opna húsinu:

- Heiðaleiðin, merkt rauð á uppdráttum, er þurrari en gula leiðin á heiðinni og því ákjósanlegri.
- Heiðaleiðin truflar landbúnað og fjárrekstur minnst af valkostum til skoðunar.
- Enn sem komið er engin ferðapjónusta á heiðinni.
- Það er öruggara að hafa línur í sveitarfélaginu á mismunandi stöðum, því þá verður ekki ísing á sama tíma.
- Huga að staðsetningu tengivirkis á Holtavörðuheidi (vegfarendur horfa eftir öllu línustæði að Sandfelli).

- Hvenær mun Landsnet velja aðalvalkost?
- Hvenær geta framkvæmdir hafist?
- Hvar verða námurnar? Líklegt að það verði miklir efnisflutningar.
- Mun Landsnet reisa girðingu til að vernda Stórasand?
- Bæta örnefnum: Aðalból og Bjargarstaðir.
- Í hverju felst samningur við landeigendur? Hvað er samið um breitt svæði? Er greitt fyrir allt helgunarsvæðið?
- Er munur á öryggi milli valkosta?
- Hvað er hátt hlutfall þjóðlenda á línuleiðum?